

GJALDSKRÁ

Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
1. Einbýlishús	74.590
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	62.159 pr. íbúð
3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	52.213 pr. íbúð
4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	44.754 pr. íbúð
5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	37.295 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum:

	kr.
6. Gólfhlötur allt að 500 fermetrar	74.590
7. Gólfhlötur 500 – 1000 fermetrar	135.000
8. Gólfhlötur 1001 – 2000 fermetrar	200.000
9. Gólfhlötur 2001 – 5000 fermetrar	300.000
10. Gólfhlötur strærri en 5000 fermetrar	400.000

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
11. Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 fermetrar	31.079
12. Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	43.511

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	60.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	7.672

	kr.
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.480
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	12.604
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	12.604
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta	3.500
Framkvæmdaleyfi	12.604
Fyrir grenndarkynningu	35.621
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	21.921
Úttekt vegna leiguhúsnæðis	12.604

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2005 er 304,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 22/2003.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Akureyri, 3. febrúar 2005.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.